

Samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í menntamálum
Fræðslusamstarf grunnskólakennara
Vinnustofa í Flataskóla 24. mars 2014 – verkgreinakennarar
Umsjón: Skóla-/fræðsluskrifstofurnar í Garðabæ og Hafnarfirði

Eftirfarandi er samantekt á efni frá vinnuhópum sem störfuðu í vinnustofu verkgreina í Flataskóla 24. mars 2014, alls 56 kennarar. Í vinnustofunni var hópnum skipt í þrjá vinnuhópa eftir stutta kynningu í upphafi. Einn hópurinn var skipaður heimilisfræðikennurum, annar hönnunar- og smíðakennurum og sá þriðji textílkennurum sem ræddust við í um eina klukkustund.

Fjórar spurningar voru lagðar fyrir hópana. Í þeim skipst var á skoðunum um þær og lagðar fram hugmyndir, tillögur, sjónarmið og álitamál á litla minnismiða (Post it! miða) sem settir voru á plaköt við hverja spurningu.

Í framhaldi vinnustofunnar var þessi samantekt unnin upp úr minnismiðunum. Samantektin var unnin af fulltrúum sveitarfélaganna sem skipulögðu vinnustofuna. Í samantektinni er tekin saman vinna allra hópanna þriggja út frá þeim meginspurningum sem voru lagðar fyrir hópana og reynt að draga fram sem samfelldasta mynd af umræðunni.

A. LEIÐSAGNARMAT:

1. Hvaða aðferðir og leiðir eru heppilegar í þinni verkgrein þegar kemur að því að útfæra leiðsagnarmat í daglegu skólastarfi? (Með leiðsagnarmati er átt við hvers kyns námsstuðning í formi leiðsagnar og hvatningar allan námstímann.)

Umræðan í hópunum var margvísleg og fjallaði meðal annars um:

- A. **MIKILVÆGI:** Nefnt að leiðsagnarmat er mikilvægt í öllu verknámi sem samtal milli nemanda og kennara þar sem stöðug og regluleg endurgjöf á nám nemanda á sér stað. Þetta eru munnlegar leiðbeiningar í hverri kennslustund um það hvernig hver og einn (nemandi) vinnur, gerir vel og það sem má gera betur. Þetta samtal þurfi að taka mið að markmiðum/viðmiðum og unnið eftir skýru verkferli, t.d. einnig skriflega (sjá hér neðar) til viðbótar því munnlega. Hugmynd um hönnunarbók, þ.e. þar sem leiðsögn og annað kemur fram. Mikilvægt er í öllu leiðsagnarmati að kennari útskýri vel fyrir nemanda hverju hann sé að taka mið af í leiðsögn sinni. Leiðsagnarmat er leiðsögn sem á sér stað jafnt og þétt meðan á verkefni stendur; innlög, leiðbeining, niðurstaða.
- B. **MARKMIÐ/VIÐMIÐ:** Nauðsynlegt er að hafa skýr markmið og viðmið í öllu verklegu námi svo námið sé markvísst og gagnist nemendum vel. Einnig er mikilvægt að ræða markmið/viðmið við nemendur svo þeir þekki markmiðin/viðmiðin, skilji þau og viti fyrirfram til hvers er ætlast af þeim. Einnig nefnt að sýnileiki markmiða/viðmiða í kennslustofunni hjálpi til í kennslunni.

- C. SÍMAT: Leiðsagnarmat er í eðli sínu símat og ætti einnig að líta á sjálfsmat sem mikilvægan þátt í leiðsagnarmatinu. Bent á hvatningu sem einn mikilvægasta þáttinn í öllu leiðsagnarmati. Sömuleiðis nefndir matsþættir í símati eins og vinnusemi, sjálfstæði, færni, að fara eftir fyrirmælum og (leiðbeiningar um) lokaafurð.
- D. SKRÁNINGU: Nefnt mikilvægi vinnu-/verkefna-, leiðar-/dag-, og skissu-/hönnunar-bóka til skráningar fyrir nemendur til vinna í hugmyndir sínar og framgangi námsins, mikilvægi skráningar af einhverju tagi yfir ákveðinn námstíma sem kemur endurtekið fram. Mismunandi heiti komu yfir um „bækur“ til skráninga í verkgreinum sem geta lýst (örlítið) mismunandi hugmyndum og aðferðum í verknámi. Eftirfarandi er tilraun til að draga saman mismunandi áherslur „bókanna“ og reyna að flokka þær og skilgreina:
- Vinnu-/verkefnabók: Bók með fyrirframgerðum verkefnum til að leysa.
 - Skissu-/hönnunarbók: Leggur upp með að teikna upp hugmyndir af eigin sköpun sem hjálpi til að þróa hugmyndir uns lokaafurð(ir) verður/-a til.
 - Leiðar-/dagbók: Eins konar dagbók sem lýsir framvindu náms og verkefna yfir námstíma, þ.e. frá upphafi (hugmynd) til lok námstíma (afurð).
 - Safn-/sýnisbók (ferilmappa): Safnar sýnishornum af verkefnum/afurðum nemenda yfir ákveðið tímabil, úrval „bestu“ verkefna.

Meginatriðið er að til skráninga hafa kennarar í verkgreinum mismunandi leiðir til að hjálpa sér við leiðsagnarmatið (og námsmat yfrileitt), m.a. eftir eðli námsgreina og viðfangsefna sem verið er að fást við í verkgreinum hverju sinni. Tilgangur þessarra skráninga er að hjálpa til við framvindu námsins, þ.e. að fylgja eftir námsferlinu frá hugmynd til afurðar með þeim vinnubrögðum sem nauðsynleg eru á þessari vegferð (námstímans). Að hafa skráningu í gegnum námsferlið er mikilvægt og hjálpar til við námsmat, þ.e. að hafa „bækur“ til samræðu í leiðsagnarmati auðveldar samtalið milli nemanda og kennara. Velt upp spurningu um aldur nemenda þegar þeir geti farið að vinna með þessar mismunandi „bækur“.

Þau sjónarmið sem koma fram um skráningu undir leiðsagnarmati geta einnig átt við um lokamat (á námshæfni og lykilhæfni), a.m.k. að einhverju marki.

B. LOKAMAT:

2. Náms hæfni til lokamats:

*Hvaða aðferðir og verkfæri eru heppilegar til að vinna með í ykkar verkgrein þegar kemur að því að útfæra námsmat á **getu nemenda** við lok náms tímabils/skólaárs (náms hæfni til lokamats)?*

Umræðan í hópnum var margvísleg og fjallaði meðal annars um:

- A. **MIKILVÆGI:** Það sjónarmið koma fram í einum hópi að nauðsynlegt sé að námsmat sé samræmt fyrir allt landið (sbr. viðmið aðalnámskrár í 4., 7. og 10. bekk?). Þá eru einnig mikilvæg viðhorf nemenda í náminu.
- B. **SKRÁNINGU:** Nota Mentor til að skrá námsframvindu og leiðsagnarmat sitt. Gott er að hafa ákveðin form/gátlista til að vinna eftir (á grunni markmiða/viðmiða og þá jafnvel með matskvarða, t.d. A-D). Margt sem ritað er um skráningu við leiðsagnarmat á líka við hér.
- C. **MATSPÆTTIR Í LOKAMATI:** Horfa til virkni, virðingar, áhuga/jákvæðni, vilja til verks, vinnusemi, umgengni/frágangur, vandvirkni, viðleitni, sjálfstæðis/samvinnu, frumkvæðis, sköpunar, þekkingar (á efnum, aðferðum og áhöldum/verkfærum), lokaafurðar. Þegar lokaafurð er metin er það annað en hönnunin. Hafa matskvarða skilgreinda.
- D. **MARKMIÐ/VIÐMIÐ.** Mikilvægt að námsmatið (lokamatið) byggji á skýrri innlögum með skýrum markmiðum. Setja viðmið þannig að auðvelt sé að greina/mæla, þ.e. mælanleg (dæmi: getur sagað með útsögunarsög). Hafa 9-10 hæfniviðmið í hverjum árgangi.

Sérstaklega skilgreind og rædd hæfni í 7. bekk í heimilisfræðihópnum og eftirfarandi hæfniviðmið lögð fram í umræðunni sem fór fram í þeim vinnuhópi:

- Hreinlæti, krossmit.
- Geti tileinkað sér hollari lífsstíl.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Kunna að lesa innihaldslýsingar.
- Verði ábyrgari neytendur.
- Mótun matarvenja.
- Vönduð vinnubrögð og leikni í beitingu áhalda.
- Hafi tileinkað sér grunnþætti næringarfræði.
- Uppskriftalæsi.
- Sjálfstæð vinnubrögð.
- Mikilvægi fjölbreyttrar fæðu.
- Kunna að fylgja og fara eftir uppskriftum.
- Beiting og heiti áhalda.
- Sterkari umhverfisvitund.
- Meiri samvinnuhæfni.
- Átti sig á tengslum næringar og hreyfingar við heilsufar.
- Kunnátta í hreinlæti og þrifum.
- Skilningur á innihaldslýsingu umbúða.
- Verði öruggari.

3. Lykilhæfni til lokamats:

Hvaða aðferðir og verkfæri eru heppilegar til að vinna með í ykkar verkgrein þegar kemur að því að útfæra námsmat sem mat **almennri hæfni nemenda** við lok námstímabils/skólaárs (lykilhæfni til lokamats)?

Umræðan í hópunum var margvísleg og fjallaði meðal annars um:

- A. **MIKILVÆGI:** Bent á nauðsyn þess að lykilhæfni sé metin í hverri námsgrein því áherslur séu mismunandi eftir greinum, þ.e. eitt geti ekki gilt um alla. Þá þarf lykilhæfni að vera metin eins á milli (skóla, námsgreina?) svo nemendur séu metnir út frá sambærilegri hæfni.
- B. **MATSPÆTTIR Í LOKAMATI:** Samvinna/sjálfstæði, áhugi, virkni, frumkvæði, hvernig tilsögn er tekið. Mikilvægt að flækja lykilhæfnina þó ekki um of, hafa ákveðna þætti til mats og sem einfaldast.

C. SKIPULAG NÁMS OG KENNSLU:

4. Hvað? <i>- geta sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gert (ein sér eða saman) til að styðja við námsmat (og kennslu yfirleitt) í ykkar verkgrein í samræmi við nýja aðalnámskrá?</i>	Sjónarmið kennara eru að sveitarfélögin geti lagt aukið fjármagn í verklega kennslu og tryggja góða aðstöðu til kennslunnar (t.d. að ekki séu fleiri en 12 nemendur í kennslustundum). Jákvæðni gagnvart verklegri kennslu sé mikilvæg. Þá telja kennararnir gott að sveitarfélögin standi fyrir fræðslu þvert á skóla og sveitarfélög líkt og gert var í dag. Þá geti þau einnig stutt við skólastarfið með því að skipuleggja námskrárvinnu sem tengist hæfniviðmiðum, setja fram „beinagrind“ að uppbyggingu og skipulagi.
<i>- geta einstaka skólar gert til að styðja við námsmat (og kennslu yfirleitt) í ykkar verkgrein í samræmi við nýja aðalnámskrá?</i>	Í hverjum skóla þurfi að skipuleggja vel/betur hvernig tími til námskrárvinnu er nýttur, hjálpa þannig til við námskrárvinnu og skapa sameiginlegan vettvang til vinnunnar. Þá er mikilvægt að kennarar innan verkgreina fái tíma saman til samráðs. Þá þurfi skólar að styðja við að kennarar í einstaka verkgreinum geti unnið saman þvert á skóla, miðlað á milli.
<i>- getið þið (heimilisfræði-/smíða-/textíl)kennarar gert (ein sér eða saman) til að styðja við námsmat (og kennslu yfirleitt) í ykkar verkgrein í samræmi við nýja aðalnámskrá?</i>	Kennarar í verkgreinum geta aukið samvinnu sín á milli, sett upp sameiginleg viðmið (fyrir hæfni og námsmat) fyrir sínar verkgrein, eða grunn/form til að vinna eftir. Þá geti kennarar einnig deilt sín á milli námsáætlunum, hæfniviðmiðum, matsaðferðum og fleira í sameiginlegan sjóð. Það megi auka samvinnu kennara.